



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun

2021 - 2022

Grandaborg



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Vinátta – Samkennd - Virðing.....	3
1 Greinargerð skólastjóra	3
2 Innra mat deilda	5
2.1 Greinargerð Klettavíkur	5
2.1.1 Umbótaáætlun Klettavík 2021 - 2022	7
2.2 Greinargerð Bergvíkur (Skelja- Ölduvík)	9
2.2.1 Umbótaáætlun Bergvíkur 2021 – 2022	10
2.3 Greinargerð Fjöruvíkur	11
2.3.1 Umbótaáætlun Fjöruvíkur 2021 - 2022	12
2.4 Greinargerð um sérkennslu / stuðning.....	14
2.4.1 Umbótaáætlun sérkennslu / stuðnings 2021 - 2022	15
2.5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	16
2.5.1 Umbótaáætlun vegna barna með annað móðurmál en íslensku 2021 – 2022.....	17
3 Ytra mat.....	17
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	17
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	18
6 Foreldrasamvinna.....	18
7 Skipulagsdagar, leikskóladagatal, viðburðir	19
8 Fylgigögn.....	20
8.1 Umsögn foreldraráðs.....	20
8.2 Starfsmannakönnun	20
8.3 Foreldrakönnun	20
8.4 Yfirlit endurmenntunar og fræðslu	20
8.5 Leikskóladagatal	20
8.6 Viðburðadagatal	20



Leiðarljós leikskólans: Vinátta – Samkennd - Virðing

1 Greinargerð skólastjóra

Skólaárið 2020 - 2021 var að mörgu leyti sérstakt og upplifði bæði barnhópurinn og starfsfólk starfið með allt öðrum hætti en undanfarin ár. Markmið skólaársins var að búa börnunum gott og öruggt umhverfi með öllum þeim tækifærum og verkefnum sem leikskólastarf býður upp á. Gekk það vel og þökk sé góðu skipulagi og samstarfi við foreldra. Nýir foreldrar kynntust ekki hefðbundnu skólastarfi þar sem að skólinn var að mestu leyti lokaður hvað varðar aðkomu foreldra. Við gátum þó haldið kynningarfund fyrir foreldra í júní og fengu þeir að kynna deildinni og hitta deildarstjóra. Mikill skilningur, þolinmæði og umburðarlyndi sem einkenndi foreldra gerði það að verkum að við gátum haldið úti góðu starfi samkvæmt skipulagi sem við lögðum upp með.

Eftir sumarlokun var ákveðið að halda sama fyrirkomulagi varðandi aðkomu foreldra í leikskólann var fyrir rýmkun samkomutakmarkana fyrir á árinu. Kom það skipulag sér vel þar sem ástandið í samfélaginu hafði ekki lagast. Enn var haldið úti hólfaskiptingu þar sem engin samvinna átti sér stað milli deilda. Fyrir vikið var ekki hægt að vera með aðstoð á milli deilda ef mannekla varð og þurfti þá að grípa til faliðunaraðgerða. Faliðunaraðgerð hafði þau áhrif að senda þurfti börn hluta úr degi eða allan daginn og kom það sér oft illa fyrir foreldra en starfsmenn unnu oft lengur eða breyttu sínum vinnutíma til að færri börn þurfti að senda heim.,,

Reynsla sem hlýst af síðasta skólaári er meira jákvæð en neikvæð og þá sérstaklega í ljósi breyttra starfshátta bæði hjá börnum en einnig starfsmönnum. Starfshættir eins og handþvottur, persónulegar sóttvarnir, mikilvægi snertingar, virðing gagnvart persónulegu svæði hvers og eins, mikilvægi samskipta og fjölbreytni í samskiptum vegna funda og upplýsingaflæðis. Allt eru þetta atriði sem við komum til með að halda áfram að vinna eftir og allt í þágu þess að halda áfram að gera starfið í Grandaborg gott.

Annars konar áhrif eins og vellíðan í starfi, heilsufar og umhyggja gagnvart öðrum eru þættir sem höfðu mikil áhrif á síðasta skólaári og með góðu og skýru upplýsingaflæði varð auðveldara að gera breytingar til hins betra sérstaklega þegar deildir voru einangraðar frá hver annari í nokkrar vikur. Til að byrja með funduðu deildarstjórar reglulega til að auðvelda skipulag og halda hverjum og einum upplýstum um stöðu mála innan sem utan skólans.

Breyting varð á starfsmannahópnum bæði að hausti og um áramótin. Ástæður breytinga voru margvíslegar. Meðal annars flutningur, bæði í annað sveitarfélag eða til útlanda, skólaganga og taka fæðingarorlofs en einnig vegna þess að ekki voru allir að finna sig í starfi með börnum. Eins og alltaf þá hafa allar breytingar sín áhrif en við teljum okkur hafa verið heppin með þann hóp sem kom til okkar og sérstaklega vegna þess að skólahald var ekki með eðlilegum hætti.

Í hópinn kom meðal annars nýr sérkennslustjóri sem býr yfir mikilli reynslu og tók hún álagið af aðstoðarskólastjóra sem hafi verið í tvöföldu hlutverki skólaárið á undan.

Á næsta skólaári verður breyting í stjórnendateymi skólans þegar Sigurbjörg deildarstjóri á Klettavík hættir vegna flutnings. Búið er að ráða í þá stöðu og tekur Karen Gunnhildur við hennar stöðu þ.e. hún flyst á milli deilda með börnum sem hún hefur verið með síðast liðinn vetur. Daníel Trausti deildarstjóri kemur til starfa á Bergvík auk þess sem Sara Dögg kemur aftur að loknu fæðingarorlofi.

Markmið skólaársins var að halda áfram með uppbyggingu á félagsfærni og sjálfsefingar í samræmi við Nýja menntastefnu með tengingu við sköpun, heilbrigði og læsi. Við höldum áfram að vera í samvinnu við Heilsuleikskóla og styrktist starfsfólk í að nota heilsubókin til að sjá breytingar hjá börnunum í líkamlegri og andlegri færni. Ekki tókst okkur að koma rafrænu heilsubókinni í gagnið en það stendur til á næsta skólaári. Við komum þá til með að fá námskeið þar sem allir sem koma til með að hafa aðgang fá sömu upplýsingar á sama tíma.

Endur- og símenntun var í samræmi við okkar markmið. Við fengum til okkar námskeið í Lubbi finnur



málbein, Hugarfrelsi og Sköpun. Námskeiðin voru á skipulagsdögum yfir skólaárið og með góðu skipulagi gátum við haldið þau hér í skólanum.

Þrátt fyrir breytingar í starfsmannahópnum, er mikill metnaður til að halda úti faglegu starfi í stjórnendateymishópnum og á skólaárinu kom í ljós meiri áhugi hjá þeim sem ekki hafa leyfisbréf að sækja sér menntun þannig að stefnan yrði sett á leikskólakennararéttindi. Tel ég að sá andi sem hefur skapast í Grandaborg hafi haft þessi áhrif og vonumst við til að í þeim hópi sem hafi réttindi sem kennari verði fjölgun á næstu árum.

Ekkert varð af námsferð sem til stóð að fara í, hvorki sem hópur eða einstaka starfsmenn og af fenginni reynslu er ekki búið að fastsetja hvort af því verður á næsta skólaári en gert verður ráð fyrir því í skólalagatali. Reynsla af námsferðum, hvort sem þær eru innan- eða utanlands er alltaf góð vegna þess það styrkir starfsmannahópinn að breyta um umhverfi og sjá hvað aðrir eru að gera en einnig finnum við fyrir hversu gott starf er í gangi í Grandaborg.

Í ár var Menntastefnumót á vegum Skóla- og frístundasviðs (SFS) sem margir upplifðu sem ráðstefnu/námsferð vegna þess að boðið var upp á fjölbreytt efni til að hlusta á og eflast í starfi. Mikil ánægja var í starfsmannahópnum með ráðstefnuna en allir voru sammála að stemmningin hefði orðið skemmtilegri ef allir hefðu safnast saman í Hörpunni.

Stytting vinnuviku, sem tók gildi eftir áramótin hafði sín áhrif á starfsemi Grandaborgar. Sú leið sem var valin af starfsmannahópnum var full stytting, þ.e. fjórar klukkustundir á viku fyrir fullt starf. Flestir voru að taka styttingu eftir hádegi en einnig með öðrum hætti sem hentaði bæði viðkomandi deild og starfsmanni deildar. Ákveðið var að skoða áhrifin að loknum þremur mánuðum. Ekki tókst okkur það með formlegum hætti en á deildarfundum og á fundum hjá stjórnendateymi þá kom í ljós að endurskipuleggja verður fyrirkomulag á styttingunni á næsta skólaári. Meðal annars þarf að sjá til þess að ekki verði starfsemi á deildum fyrir hádegi með þeim hætti að frjáls leikur undir handleiðslu hins fullorðna falli niður. Það þarf að sjá til þess að börnin fái að njóta sín í þeim verkefnum sem lagt er upp með og hverju barni gefinn góður tími.

Einnig þarf að sjá til þess að ekki myndist „mönnunargap“ þegar styttingin á sér stað. Starfsmannahald verður að vera með þeim hætti að hér haldi áfram að vera öruggt umhverfi fyrir bæði börn og starfsmenn.

Allir viðburðir í skólanum voru með öðruvísi hætti en áður. Engir foreldrar voru á Sumarhátíðinni en foreldrafélagið bauð samt sem áður upp á viðburði þar sem börnin skemmtu sér mjög vel og ekki spillti veðrið sem var þann dag. Sama staða var um jólin þar sem „jólaverkstæði“ með hefðbundnu sniðið féll niður en hver deild hélt úti sínu verkstæði.

Engir kynningarfundur voru að hausti eins og áður og voru því foreldrasamtöl að hausti notuð til að fara yfir starfið.



2 Innra mat deilda

2.1 Greinagerð Klettavíkur

Í vetur voru 22 börn á Klettavík og sjö kennarar, þar af einn sem sinnir stuðningi og þrír í hlutastarfi. Almennu gekk starfið mjög vel. Kennarar skiptu með sér verkefnum, einn sá um útinám, einn um hreyfingu og einn um myndlist. Hin verkefni voru í höndum okkar allra og starfsfólk fékk að vinna með sínar hugmyndir að vild. Þetta endurmat er unnið út frá samræðum og skráningum starfsmanna. Einnig fengu börnin að blað með sér heim til þess að meta skólasterfið og það var tekið með inn í matið.

Við í leikskólanum Grandaborg höfum lagt upp með að hafa **flæði** milli deilda og það hefur sérstaklega verið hugsað til þess að gera **aðlögun** barna að hausti auðveldari. Í fyrra var hins vegar lítið um flæði en við náðum að koma því fyrir að börnin sem byrjuðu hjá okkur í haust fengu að koma í nokkrar heimsóknir um sumarið. Þetta teljum við vera mjög mikilvægt, aðlögunin verður auðveldari ef þau fá nægan tíma til þess að kynna bæði deildinni og starfsfólkinu. Við viljum því halda áfram með þetta fyrirkomulag og vonandi verður hægt að bjóða upp á flæði næsta vetur. Í fyrravetur vorum við með fastann tíma þar sem yngri börnin á Klettavík fengu að leika við jafnaldra sína á Bergvík. Það reyndist mjög vel og við viljum gjarnan halda áfram með það á næsta ári.

Í umbótaráætlun frá því í fyrra ætluðum við að breyta **samverustundum** á morgnanna í meira samfélagsspjall. Markmiðið með þeim umbótum var að bæti færni þeirra til tjáningar og reyna að stuðla að sjálfstyrkingu. Þetta gekk nokkuð vel, það komu upp allskonar skemmtileg umræðuefni og þau fengu að hafa áhrif á þessar stundir. Að okkar mati hafði þetta áhrif á sjálfstraust þeirra, þegar líða tók á veturinn þá fannst flestum ekkert mál að standa upp og segja frá. Flestum börnum leið alltaf vel í samverustundum. Hins vegar viljum við halda áfram að bæta þessa stund. Við viljum að allir fái að njóta sín og fái nægan tíma til þess og því ætlum við að halda betur utan um þær, búa til skráningarblað þannig að það gleymist enginn. Sögunstund gekk mjög vel í vetur, við vorum með eldri börnin sér og við lásum framhaldssögur fyrir þau. Fyrir yngri börnin lásum við styttri sögur en eftir áramót förum við að lesa framhaldssögur við þeirra hæfi. Söngstundirnar voru eftir nónhressingu og hún gekk mjög vel. Hins vegar er ætlunin að vinna meira með textann sem við erum að syngja í söngstund. Ræða innihald textans sem og vinna með textann í tengslum við hljóðkerfisvitund.

Við erum búin að vinna mikið með **frjálsa leikinn** í vetur. Leikur er aðal námsleið barna og því höfum við lagt mikið upp úr honum. Það fór mikill tími í að vera með börnum í leik, fylgjast með hvað þau voru að fást við og reyna að átta okkur á áhuga og styrkleika barnanna. Eins var mikið unnið með jafningjasambönd í þessum stundum og reyndum að nýta hverja stund til þess að styrkja þau. Í endurmati barnanna kom í ljós að mörg lögðu áherslu á að það væri mikilvægt að allir væru vinir og að allir væru að leika saman. Um miðjan vetur þá veltum við fyrir okkur efniviðnum sem er í boði á deildinni. Ræddum tilganginn á bakvið þann efnivið sem við höfðum í boði og ræddum hvernig við gætum auðgað leik barnanna og hvernig við gætum stuðlað að fleiri námstækifærum í leiknum. Þessi vinna var að okkar mati mjög árangursrík og við stefnum að því að halda áfram á næsta ári að ígrunda leikinn vel. Í mati barnanna kom í ljós að þau vildu hafa aðgang að fjölbreyttara dóti og við höfum strax orðið við þeim óskum. Hins vegar ætlum við að reyna að nýta umhverfið meira, vera duglegri að taka til dæmis stóla í burtu og skapa betra leikumhverfi fyrir börnin. Leyfa þeim að leika með „borð leikefni“ á gólfinu og huga almennt betur að leikumhverfi barnanna.

Matartíminn gekk vel í vetur að mestu leyti. Börnin fengu ekki mikil tækifæri til að æfa sjálfshjálp í þessum stundum vegna Covid en við nýttum þau tímabil sem við gátum. Í vetur þá leyfðum við börnunum að fara frá matarborðinu um leið og þau voru búin að borða. Þá fóru börnin inn í samveru herbergi og skoðuðu bækur. Þetta fyrirkomulag gekk upp og ofan og oft leystist þetta upp í vitleysu. Upp kom sú hugmynd að nýta matartímann til þess að hafa allskonar málörvun. Nýta tímann eftir að þau eru búin að borða í að ræða saman, æfa hljóðkerfisvitund og almennt efla málörvun. Það urðu breytingar á fyrirkomulagi **nónhressingar** en í stað þess að borða á sömu borðum og í hádeginu þá



borðuðum við einungis á einu borði og við vorum með flæði í þessari stund. Tókst mjög vel til, börnin geta leikið sér áfram ef þau eru ekki tilbúin til þess að fara að borða og hver og einn ræður hversu langan tíma hann vill eyða í þess stund. Truflar suma af því leyti að sum börn drífa sig í að borða til að missa ekki af leiknum en kennarar eru fljótir að læra inn á það.

Að okkar mati þá gekk **málörvun** nokkuð vel í vetur. Starfsfólk var duglegt að nýta allar stundir dagsins til þess að örva mál barnanna og endurtaka leiðrétt þegar það átti við. Unnum mikið með hljóðkerfisvitund fyrir áramót, þarf að passa að sinna því líka eftir áramót á næsta ári. Það var mikil málörvun sem átti sér stað í öllum samverustundum en við getum gert betur í Lubbastund. Við vorum dugleg að syngja lög og ræða almennt um hvert og eitt hljóð en það væri hægt að fara með það lengra. Það þarf að setja

Myndlistin gekk mjög vel í vetur. Við vorum með flæði í myndlistinni og það er mjög mikil ánægja með það. Hins vegar sakna kennarar myndlistarherbergisins því þar inni verður minni truflun og börnin ná að einbeita sér betur. Hins vegar höfum við fulla trú á að það verði allt með eðlilegum hætti næsta vetur og myndlistarherbergið aftur í boði. Við vorum með myndlistarmann mánaðarins einu sinni í mánuði og þá tókum við fyrir myndlistarmann frá löndum sem börnin eru frá. Þetta var mjög skemmtilegt og bæði nemendur og kennarar ánægðir með þetta fyrirkomulag. Það sem við viljum bæta er að hafa myndlist meira í boði inn á deild daglega. Hafa myndlist sem stöð í frjálsum leik. Höfum verið að gera þetta en ekki nægilega oft. Það sama má segja með **hreyfinguna**, það er hægt að bjóða upp á hreyfistöð inn í sal oftast en ekki bara á hreyfingar dögum. Annars gekk hreyfingin mjög vel en eldri börnin fóru í KR og yngri voru í hreyfingu í salnum. Við viljum á næsta ári leyfa yngri börnunum að fara eitthvað með eldri í KR. Einu sinni í mánuði til dæmis. Þetta var ósk barnanna í yngri hópnum og við viljum gjarnan koma til móts við þau. **Útinámið** gekk nokkuð vel í vetur en við vorum með útinámsverkefni í haust sem gekk út á að fara og skoða heimili barnanna á deildinni. Mjög skemmtilegt verkefni sem við viljum gjarnan gera aftur að ári en vinna kannski meira með það inn á deild. Annars fórum við nánast alltaf í útinám og margt sem börnin fengu að fræðast um í þessum stundum.

Í umbótaráætlun frá því í fyrra þá ætluðum við að gefa börnum fleiri tækifæri til þess að **taka þátt** í starfinu og hafa meiri áhrif á starfið en þau gerðu. Börnin áttu að fá fleiri ábyrgðarhlutverk, velja meira og planið var að stofna Klettavíkurráð. Klettavíkurráð var aldrei stofnað og vegna covid þá gátum við ekki leyft börnunum að fá að takast á við allskonar ábyrgðarhlutverk. Við hins vegar stefnum á að bæta úr þessu á næsta ári og ætlum okkur að koma þessu í lagi. Börnin fengu hins vegar að taka meiri þátt en áður á öðrum sviðum, eins og til dæmis í samverustundum. Þau fá yfirleitt að ráða hvaða umræðuefni við tökum fyrir, hvaða lög við erum og syngja og þau fengu stundum að hafa áhrif á val á bókum sem við lásam fyrir þau. Eins velja þau eiginlega alltaf sjálf hvað þau vilja leika með í frjálsum leik og með hverjum.

Fyrir um ári síðan vorum við á Klettavík komin í mjög gott **samstarf við aðra leikskóla í hverfinu**. Markmiðið með þessu samstarfi var að auðvelda börnunum þau þáttaskil sem þau standa fyrir þegar þau ljúka leikskóla. Í tveimur öðrum leikskólum í hverfinu eru börn sem munu vera með þeim í bekk þegar í grunnskólann kemur. Við vildum því kynna börnunum fyrir hvert öðru og styrkja þau félagslega. Þetta gekk mjög vel og þegar Covid er búíð þá ætlum við að gera okkar besta að viðhalda þessu flotta samstarfi.



2.1.1 Umbótaáætlun Klettavík 2021 - 2022

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat hvenær/hvernig	Viðmið
Samfélagsspjall	Bæta færni þeirra til tjáningar. Að þeim líði vel í eigin skinni.	Hafa meira skipulag í kringum morgunstundirnar. Búa til kerfi þar sem við krossum við hverjir hafa talað og tjáð sig. Eins hverjir hafa komið með hugmyndir að umræðuefni. Passa upp á þá sem tjá sig sjaldan.	Skólaárið 2021 - 2022	Allir deildarstarfsmenn.	Hvenær: Endurmeta í lok hverrar viku til að byrja með. Þegar þetta er komið í samt horf þá er gott að taka stöðuna eftir áramót og svo aftur í apríl/maí. Hvernig: Með samtölum og skráningum.	Upplifun starfsmanna á því hvar hópurinn stendur. Að börnin séu með meira sjálfstraust. Að allir séu færir um að tjá sig og koma sínum hugmyndum á framfæri.
Þátttaka barna og lýðræði	Að börnin verði sjálfstæðari og finni til ábyrgðar. Að valdefla börnin.	Klettavíkurráð: 3-4 börn funda einu sinni í viku með kennara þar sem þau fá tækifæri til þess að hafa áhrif á næstu viku. Börnin fá fleiri ábyrgðarhlutverk: - Þrír þjónar - Dagfinnur - Veðurfræðingur - Ávaxtabóndi - Skósveinn Til að byrja með hafa börn föst sæti við matarborð. Þegar líður á veturinn þá gefa þeim meira val yfir því hvar þau sitja.	Skólaárið 2021 - 2022	Deildarstjóri	Hvenær: Endurmeta í lok október (þá er komin smá reynsla á þetta) og svo aftur um áramót og í maí. Hvernig: Með samtölum bæði milli starfsfólk og svo með börnunum.	Að börnin séu sjálfstæð í sínu hlutverki. Að börnin finni að þau skipta máli.



Málörvun (Verkefnavinna)	Efla orðaforða og málskilning. Einnig að styrkja hljóðkerfisvitund hjá börnunum.	Vinna markvisst með ljóð og rím í minni hópum. Kafa dýpra ofan orðaforða og skilning á bakvið söngtextana sem við erum að vinna með. Eftir matartímamann þjálfa börnin í hljóðkerfisvitund við matarborðið.	Skólaárið 2021 - 2022	Allir deildarstarfsmenn.	Hvenær: Endurmeta strax í lok september, aftur eftir áramót og svo í apríl/maí. Hvernig: Með samtölum og skráningum.	Afrakstur barnanna, skráningar og upplifun barnanna. Að þau hafi þor og áhuga á að spyrja út í þau orð sem þau kunna ekki skil á. Málskilningur þeirra sé góður.
Frjáls leikur	Gert til þess að börnin kynnist hvert öðru vel og því leikefni sem er í boði. Styrkja jafningjasambönd í hópnum. Átta sig á styrkleikum og áhuga barnanna.	Hafa tvær vikur yfir árið, eina í október og aðra í mars þannig að kennarar skipta börnunum í hópa og þau leika sér í þeim hópum. Mikilvægt að hafa fjölbreyttan efnivið í boði. Fylgjast vel með frjálsa leiknum, vera með börnunum í leik og aðstoða þau sem þurfa á hjálp að halda í þessum aðstæðum.	Skólaárið 2021 - 2022	Allir deildarstarfsmenn.	Hvenær: Endurmeta eftir báðar vikurnar. Hægt að nýta þessar vikur til þess að meta nám barna fyrir heilsubók. Hvernig: Samtöl, skráningar og samræður við börnin.	Að börnunum líði vel. Að áhugi og styrkleikar barnanna séu nýttir í áframhaldandi nám.
Samstarf leikskóla í Vesturbænum	Gera þáttaskil fyrir skólahópinn auðveldari.	Hafa hittinga með Gullborg og Ægisborg reglulega yfir veturinn. Gefa börnunum tækifæri á að kynnast þeim sem verða með þeim í bekk.	Skólaárið 2021 - 2022	Deildarstjóri.	Hvenær: Endurmeta eftir fyrstu heimsóknir. Taka stöðuna um áramót og svo aftur í maí. Hvernig: Með samtölum hjá deildarstarfsfólki og fundir hjá deildarstjórum leikskólanna. Ræða við börnin og heyrja hvernig þau vilja hafa þessar stundir.	Að þáttaskilin verði auðveldari fyrir börnin.



2.2 Greinagerð Bergvíkur (Skelja- Ölduvík)

Móttaka á morgnanna: Á meðan á samkomubanni stóð var tekið á móti börnum í anddyri, þá var það starfsmenn sem aðstoðuðu börnin og gengu frá útifötum í fatahólf. Þetta hafði veruleg áhrif á starfið og jók álag á deildina og tafði faglegt starf á morgnanna. Allir ákveðnir í halda áfram að þvo hendur á morgnanna.

Morgunmat: Erum opnar fyrir því að borða morgunmatinn öðru megin á morgnanna í staðinn fyrir að það sé borðað bæði Skeljavíkur og Ölduvíkur megin. Tökum stöðuna í haust, miðað við fjölda barna sem mæta í morgunmat.

Morgunsamvera: Værum til í að byrja aðeins fyrr, það er erfitt að brjóta upp góðan leik en gott að miða við 9:15 og það er mikilvægt að sá sem ætlar að vera með samveru sé tilbúin að taka á móti börnum á tilsettum tíma.

Salerni: Okkur finnst ganga vel að vera skipulag á hópunum og fylgjast með.

Fataherbergi: Kom fram í mati hjá börnunum að þau eru ekki nógu ánægð með fataklefann. Þurfum að skoða hópaskipti og fjölda í fataklefa. Gott að skiptast á að fara fyrst út þannig að það sé sanngjarnt. Kom hugmynd um að nýta meira ytri stofurnar til að klæða sig.

Hópastarf: Börnin eru ánægð með hópastarfið og það hefur gengið betur eftir áramót. Við viljum tengja það betur við þemað hverju sinni. Þurfum að hugsa um okkur meira sem heild og vera í samvinnu.

Frjáls leikur: Okkur finnst við ekki ná að vera viðstaddir í leiknum og að meira bara að horfa yfir og náum ekki að fylgjast með. Börnin eru orðin leið á dótinu og þurfa meiri tilbreytingu. Erum mikið með skyndiákvæðanir að finna til leikefni í stað þess að vera undirbúna undir hvað á að vera í boði. Þarna er svigrúm til að bæta.

Flæði: Viljum vera með fleiri sameiginlegar samverustundir til að börnin aðlagist að vera báðum megin. Yngri börnin forðast að fara Ölduvíkurmegin

Bókastund: Þetta er biðtími og í raun lítið við þetta bæta.

Söngstund: Við viljum hafa sameiginlega söngstund og vera meira með þematengd lög.

Matur: Erum sáttar og viljum ekkert breyta neinu sérstöku, værum til í að fá stærri skammta af mat. Flest börnin ánægð með matartíma

Hvöld: Gengur vel að mestu leyti.

Útivera: Gengur vel og börnin njóta sín, erum spennt fyrir sumarstarfinu. Hvetja foreldra til að koma með brúsa fyrir börnin.

Nónhressing: Allir sáttir með fyrirkomulagið eins og það er

Skil í lok dags: Foreldrar að tala í símann þegar þau sækja og fara betur yfir hólfinn. Mikill munur að þurfa ekki að ganga frá í poka á föstudögum. Viljum skila teppum, brúsum heim á annan hvern föstudag.



2.2.1 Umbótaáætlun Bergvíkur 2021 – 2022

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat hvenær/hvernig	Viðmið
Fræðsla um fjölbreytileika	Að börnin verði meðvituð um fjölbreytileika í samfélaginu	Bækur og fræðsla fyrir starfsfólk og börn um fjölbreytileika og jafnrétti.	Sept-desember	Deildarstjórar og starfsfólk Einn ábyrgur	Deildarfundir og skráningar	Sjáum aukin fjölbreytileika birtast í leik og samskiptum barnanna
Skráning á leik	Tengja saman leik og grunnþætti menntunnar, myndrænt fyrir starfsfólk, börn og foreldra	Að við gefum frjálsum leik aukið rými, skiptum börnum í minni hópa og skráum leikinn myndrænt.	Sept til maí	Deildarstjóri og starfsfólk	Deildarfundir og skráningar, notum fundina til að skoða skráningar og myndir	Að börnin fái fleiri tækifæri í frjálsum leik og starfsfólk eflist í skráningum.
Að setja tónmennt í dagskipulagið	Að börnin kynnist hljóðfærum og tónlist. Að tónlist verði ríkari þáttur í starfinu. Tengja saman tónlist og sögu.	Setja verkefnastjóra yfir tónlistinni, bjóða upp á hljóðfæri oftár.	Sept til maí	Deildarstjóri og starfsfólk Verkefnastjóri tónlistar	Deildarfundir og farið yfir skráningar á verkefni.	Að tónlist verði ríkari þáttur í starfinu og börnin njóti sín í tónmennt.
Að vinna áfram með Hugarfrelsi – þá í tengslum við slökun og tilfinningalæsi	Að við séum með aðferðir Hugarfrelsis í starfinu sérstaklega í hvíld og samveru	Að ákveðin starfsmaður haldi utan um vinnu í tengslum. Við tökum þetta í samveru	Sept til maí	Deildarstjóri og starfsfólk Verkefnastjóri	Deildarfundir	Að börnin eflist í tilfinningalæsi og tileinki sér orðaforða tengdan tilfinningum
Málörvun með Lubba	Lubbastundir séu á deildinni	Lubbasamvera vikulega	Sept til maí	Deildarstjóri og starfsfólk	Deildarfundur	Börnin tileinki sér málljóðin í gegnum Lubba



2.3 Greinagerð Fjöruvéikur

Á Fjöruvéik eru níttján börn fædd 2018 og eitt barn fætt 2020. Fjórtán komu ný inn í leikskólann s.l. haust og aðlögun var tvískipt með þátttöku foreldra. Eftir áramót urðu breytingar á barnahópnum og tvö börn hættu og önnur komu í staðinn. Í mars bættist yngsti meðlimur deildarinnar í hópinn.

Á Fjöruvéik höfum við lagt mikla áherslu á frjálsa leikinn, og frjálsa leiknum gefið meira rými í dagskipulaginu, kennarar eru alltaf með börnunum á gólfinu og styðja við leikinn og eru til staðar. Það sem við sjáum eftir skólaárið er að af leiknum sprettur ný þekking, leikni, nýjar tilfinningar og athafnir. Þau lærðu að vinna saman og taka tillit, auk þess sem þau læra nýjar samskiptareglur og virða rétt hvors annars og standa á sínu.

Barnahópnum er skipt í fjóra aldursskipta hópa í sérgreinum með það í huga að þau fái verkefni sem hæfir getu þeirra, þess utan blandast barnahópurinn yfir daginn.

Sérgreinar voru að mestu leyti á útitíma en þó ekki á kostnað útiveru því skipulögð hreyfing var úti auk útináms

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur

Útinám	Sköpun	Hreyfing	Útivera	Söngstund í sal
Guli hópur	Rauði hópur	Græni hópur	Blái hópur	Útivera (allir)
Rauði	Græni	Blái	Guli	
Græni	Blái	Guli	Rauði	
Blái	Guli	Rauði	Græni	

Í daglegum samverustundum á morgnana er farið yfir skipulag dagsins með börnunum, gerð veðurathugun og út frá því umræður um hvaða klæðnaður henti þann daginn. Lubbi fær sinn tíma í morgunsamverunni.

Sköpun var inni á deild og eftir tímann hafði sá hópur möguleika á að leika inni og hafa deildina útaf fyrir sig

Útinámshópurinn fer úr húsi þegar aðrir eru í samverustund.

Sérgreinar:

Útinám: Einn hópur fer í útinám á dag ásamt tveim kennurum, börnin fara í samverustund, gera veðurathugun, skoða þær breytingar sem eiga sér stað í náttúrunni. Einnig æfðum við gönguúthald, byrjuðum á stuttum ferðum og smá lengdum, auk þolæfinga t.d. ganga upp bratta, ganga upp og niður tröppur o.s.frv. Unnið var með verkefni sem tengdust þema tímabilinu, t.d. að hausti er þemað ég og umhverfið mitt þá skoðuðum við nánasta umhverfi og nýttum efnivið sem til féll í náttúrunni, laufblöð sem féllu og greinar sem pensla o.s.frv.

Hreyfing: Einn hópur fer í skipulagða hreyfistundir úti í milli garði, oft leikir og æfingar í tengslum við þema tímabilsins t.d. litaleikir

Tækifæri til umbóta: Flétta sérgreinar meira saman

Málörvun börnin voru í markvissu málaumhverfi allan daginn orð lagt á alla hluti, í haust fóru börnin með hópnum sínum í markvissa málörvunarstund einu sinni í viku með leikjum, rími, takti. Eftir áramót urðu breytingar í starfsmannahópnum og ekki náðist að halda þessum stundum inni.

Umbótaþættir sem lagt var upp með síðasta skólaár var að auka við orðaforða og hljóðkerfisvitund, það tókst að hluta til en okkur tókst ekki að innleiða orðaspjallsaðferðina.



Tækifæri til úrbóta: Viljum koma því á aftur

Sjálfsþing og félagsfærni: Börnin eru hvött til sjálfstæðis t.d. í fataklefa þau hafi trú að eigin getu og að æfingin skapar meistarann, að þau standi með sjálfu sér og að svara fyrir sig, „nota orðin“. Eftir veturinn gátu flest börnin klætt sig í og úr eftir útiveru, auk þess að ganga frá útífatnaði.

Í haustbyrjun lærðu flestir að segja stopp bæði munnlega og með látbragði, í vor eru flestir farnir að segja hvað á að stoppa, t.d. ég vil ekki láta ýta mér

Vettvangsferðir: Eftir áramót fórum við í safna heimsóknir, við fórum í Þjóðminjasafnið, í fámennari hópum var farið á ljósmyndasafn Reykjavíkur, sýningu í norræna húsinu og á vordögum í Húsdýragarðinn

Áhrif covid á starfið

Síðastliðið haust var lokað fyrir komu foreldra inn á leikskólann vegna covid takmarkanna og mæddi því mikið á starfsfólki í byrjun dags auk þess sem mikill tími fór í sóttþreinsun deildar og fataklefa. Við náðum ekki að kynna foreldrum almennilega vegna takmarkanna þetta skólaárið, foreldraviðtöl í gegnum síma

Það jákvæða í starfinu við covid var að handþvottur barna við komu í skólann festist í sessi

2.3.1 Umbótaáætlun Fjöruvíkur 2021 - 2022

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til um bóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Óskir barna	Að koma til móts við óskir barna sem komu fram í Mati barna á skólastarfi. Erum því einnig að vinna með lýðræði og raddir barnanna heyrast.	Bæta inn í vikuskipulag óskum barnanna og koma þannig til móts við þau. Styðjast við „mat á skólastarfi“ sem börn og foreldrar fylltu út.	Skólaárið 2021-2022	Kennarar deildar	Umræður á deildarfundum vorönn 2022. Einnig rætt á mánaðarlegum deildarfundum .	Að félagsfærni og sjálfstyrking hafi aukist og barnið sýni sjálfstæði til að koma á framfæri sínum óskum.
Sérgreinar	Markmiðið er að tengja betur saman sérgreinarnar, vinna að sameiginlegu markmiði. Dæmi: lögð áhersla á formin, lögð áhersla á litina o.fl. í öllum sérnámsgreinum.	Til dæmis fara í hreyfingu í útinámi, fara í myndlist í útinámi, taka málrækt í útinámi.	Skólaárið 2021-2022	Útinámskennari	Umræður á deildarfundum haustönn 2021 og vorönn 2022.	Að sérgreinarnar verði í meira flæði við hver aðrar.



<p>Auka félagsfærni, sjálfstæði og sjálfstæði meðal barna</p>	<p>Markmið að auka lýðræði barnanna þannig þau finni að þau hafi áhrif á daglegt líf í leikskólanum.</p> <p>Markmið að börnin öðlist meira sjálfstraust standi með sjálfum sér. Að þau séu sjálfstæðari</p>	<p>Kjarkæfingar í samverum þar sem börnin standa upp og syngja, það tekið upp á síma og þau fá að sjá.</p> <p>Hvatning og hrós frá kennurum, „þú getur“. Að börnin fái að taka með uppáhaldshlut að heiman og segja frá honum í samveru.</p>	<p>Skólaárið 2021-2022</p>	<p>Kennara á deildinni</p>	<p>Umræður á deildarfundum á haustönn 2021 og vorönn 2022</p>	<p>Að börnin hafi rödd og að hlustað sé á þau og þeirra óskir teknar til greina. Að börnin verði sjálfbjarga í fataherbergi og geti sagt stopp ef þeim finnst brotið á sér og staðið með því. Að sjálfstraust þeirra aukist og þau eigi auðveldara með að tala fyrir framan hóp.</p>
----------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------	----------------------------	---------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------



2.4 Greinagerð um sérkennslu / stuðning

Síðastliðinn vetur er búinn að vera mjög áhugaverður, fjölbreyttur, sérstakur og lærdómsríkur. Verkefni sérkennslunnar á hverjum tíma helgast af þeim börnum sem eru í leikskólanum og þurfa sérkennslu.

Sérkennslustjóri hafði aðkomu að 30 börnum á síðasta skólaári. Verkefnin voru margvísleg, meðal annars vöktun vegna bráðalvarlegs sjúkdóms, fylgd á æfingastöð og talkennslu, einstaklingsvinna og hjálp í hóp með jafnöldrum.

Þrír kennarar sinntu sérkennslunni auk sérkennslustjóra. Á vordögum voru um 23,5 tímar í skilgreindri sérkennslu hvern dag sem skiptust á milli fjögurra barna. Einn kennari til viðbótar sinnti málörvun tvítyngdra barna og innleiðingu „Lubba“ á Skeljavík, deild fyrir 3-4 ára barna.

Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir börnin í samráði við foreldra og deildarstjóra. Unnið var eftir aðferðum atferlisþjálfunar með tveimur börnum. Einnig er stuðst við færnimatið APES fyrir nokkur börn. Við gerum málþroskamát fyrir börn sem eru orðin rúmlega 3ja ára. Við notum einnig EFI2 færnimatið þegar þarf. Hljóm??? Nokkur börn þurftu sérstaka málörvun sem fór fram í fyrirfram ákveðnum málörvunartímum, svo og við allar aðstæður í starfi leikskólans.

Við notuðum aðferðina „Gefðu 10“ með fjöltyngdum börnum sem eru að læra íslensku sem annað mál. Við fengum námskeið í „Lubbi finnur málbein“ sem hefur verið innleitt á öllum deildum leikskólans. Áður hafði námsefnið verið notað með yngstu börnum leikskólans.

Sérkennarar fylgja þeim börnum inn á deild sem þurfa sérkennslu. Þau sem geta ekki nýtt sér samveru með félögum sínum fá kennslu í minni hópum eða í einstaklingskennslu.

Í vetur höfum við haft vinnustundir þar sem unnið var m.a. með tvítyngdum börnum í málörvun. Áhersla er lögð á að nýta sem flestar aðstæður í daglegu starfi til málörvunar s.s. hvíldartíma, matartíma og í fataklefa. Við höfum einnig unnið með foreldrum og kennurum nokkurra barna. Félagsfærnisögur eru notaðar til að auka færni þeirra barna við ýmsar aðstæður sem þau þurfa.

Við fylgjum sérkennslubörnunum m.s. á bókasafnið, í vettvangsferðir og skólaheimsóknir í Grandaskóla sem er samstarfsskóli Grandaborgar.

Sérkennslan vinnur náði með foreldrum og þeim sérfræðingum sem við getum leitað til. Nokkrum börnum hefur verið vísað áfram til frekari athugunar.

Teymisfundir eru með foreldrum þeirra barna sem hafa sérkennslutíma. Í vetur hafa Bjarnveig Magnúsdóttir sérkennsluráðgjafi og Guðrún Jóhanna Rafnsdóttir hegðunarráðgjafi, fylgt eftir nokkrum börnum. Auk þess sem Íris Dögg Rúnarsdóttir og Sigríður Eir Guðmundsdóttir talmeinafræðingar hafa veitt sérkennurum, foreldrum og kennurum ráðgjöf. Einnig veitti félagsráðgjafi okkur ráðgjöf. Samvinna var líka við Heilsugæslu Seltjarnarsess og hafa María Huld Ingólfsdóttir og Halla Rut sálfræðingar komið og hitt hér börn og foreldra. Félagsráðgjafi veitti leikskólanum einnig ráðgjöf í máli barns. Við nýttum okkur tæknina og funduðum í gegnum fjarfundabúnað þegar ekki var hægt að hittast með eðlilegum hætti.



2.4.1 Umbótaáætlun sérkennslu / stuðnings 2021 - 2022

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Símenntun	Kynna sér villulaust nám. Námskeið hjá Greiningastöð.	Haustið 2021	Skólaárið 2021-2022	Sérkennslustjóri og sérkennari	Hvort farið sé á námskeiðið.	Nýti þekkinguna í vinnu með barni/börnum.
Fundargerðir	Fundargerðir gerðar aðgengilegar fyrir alla kennara deilda.	Haustið 2021	Vor 2022	Sérkennslustjóri	Athugað hvort fundargerðir séu aðgengilegar.	Kennarar deilda hafi aðgang að fundargerðum.
Markvissari skráningar	Dagbók	Haustið 2021	Vor 2022	Sérkennarar	Vinnustundir skráðar.	Einstaklings-skráningar.
Fundir með deildarstjórum x1 í mánuði	Betri samvinna og upplýsingastreymi	Haustið 2021	Vor 2022	Sérkennslustjóri.	Fundir taldir.	Að fundir hafi farið fram a.m.k. mánaðarlega.
Einstaklings-námskrár.	Útfæra staðlað form.	Haust 2021	Haust 2021	Sérkennslustjóri og sérkennari.	Athuga hvort gagnist barninu.	Sérkennarar nýti sér formið.
Skráning á máltöku 2ja-5 ára barna.	TRAS námskeið hjá HÍ	Haust 2021	Vor 2022	Sérkennslustjóri	Námskeið sótt/ósótt	Þekking nýtt með barni/börnum.



2.5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Að börnum verði skipt í hópa eftir getu og fái einstaklingstíma á hverjum degi **Að gefa 10**

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	já	Samskiptaboðorðin höfð að leiðarljósi: Horfa – Heilsa – Hlusta - Hljóma – Hrósa – Hjálpa. Endurtekið „rétt tal“
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	já	Í öllu daglegu starfi með myndum og ritmáli
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	já	skipulagðar stundir m.a. með „Lærum og leikum með hljóðin“ og Orðaspjall aðferðinni m.a. úr „Lubbi finnur málbein“ og úr söngtextum
Er fylgst með framförum barnanna?	já	Með skráningu eftir verkefnavinnu
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 		Börnum er skipt í smáa hópa. Þar eru mismunandi verkefni unnin yfir vikuna úr þáttum málörvunar. Spil, hlustunarleikir, hreyfileikir, hljóðfæranotkun, hópleikir, spil söngur og sögulestur. Rýnt er í söngtexta með myndum. Ritmál er sýnilegt og Starfsmenn séu virkir þátttakendur í leik barnanna.

Niðurstöður innra mats

Mikið áhersla hefur verið lögð á:

Málörvun fyrir öll börn.

Fjölbreytt námsefni nýtt til málörvunar

Myndir notaðar til stuðnings við innlögð hugtaka í sögum og söngtextum.

Samráð og upplýsingar til starfsmanna um mikilvægi málnotkunar í daglegu starfi

Skipulag á aðgengilegum málörvunarverkefnum fyrir öll börn sem allir starfsmenn geti nýtt sér.



2.5.1 Umbótaáætlun vegna barna með annað móðurmál en íslensku 2021 – 2022

Umbótapættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Markvisst Skipulag á litlum samverum og skrá framvindu verkefna	Að öll börn fái viðbót í orðaforða .	Starfsmenn verði meiri þátttakendur í leik barnanna	Allur veturinn (sept – maí)	Allir starfsmenn í samvinnu við sérkennslustjóra og deildarstjóra.	Endurmat á 6 mán. fresti (vor og haust)	Sem viðmið verður notast við Orðalista menntamála stofnunar og gátlista talmeinafræðinga

3 Ytra mat

Ekki fór fram ytra mat þetta skólaárið en kannanir á vegum SFS annars vegar fyrir foreldra og hins vegar starfsmenn fór fram rafrænt.

Þátttaka foreldra var góð eða 81,9%. Niðurstöður sýna að foreldrar eru nokkuð ánægðir með skólann. Til samanburðar við fyrri könnun þá getum við gert betur varðandi þætti eins og upplýsingaflæði, þátttaka foreldra í að meta barnið eða almenna kynningu á stefnu skólans. Við gerum okkur þó grein fyrir að áhrif samkomubanns gæti hafa haft sín áhrif en alltaf má gera betur. Kostur við að hafa kannanir eins og þá sem SFS sendir út er einmitt vettvangur til að endurmeta starfshætti.

Starfsmönnum gefst einnig kostur á að taka þátt í könnun um sinn vinnustað. Niðurstaðan var lakari en frá því árinu áður og eru vangaveltur hvað veldur. Þátttaka hefði mátt vera meiri og í kjölfar niðurstaðna er niðurstaðan að hvetja þurfi starfsmenn til að vera enn duglegri að láta í ljós skoðun sína. Það sem þarf að bæta varðandi starfsmenn er hvatning til starfsmanna og að þeim sé sýndur áhugi á því sem þeir eru að vinna að.

Allar kannanir tengdar skólastarfi ber að taka alvarlega. Niðurstöður sem fram koma bæði frá foreldrum og starfsmönnum verða ígrundaðar með það að markmiði að gera starfið í Grandaborg betra þar sem bæði foreldrum, börnum og starfsfólki líður vel.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á starfsárinu var breytt fyrirkomulag starfsþróunarsamtala. Tekin var upp svokölluð örsamtöl þar sem áhersla var á afmarkað efni í þrjú skipti. Efni sem var rætt skiptist í; a) Starfsanda og starfsánægju, b) Styrkleikar og hæfileikar og c) Framfarir og tækifæri. Starfsfólki var í sjálfsvaldi sett hvort það vildi fá samtal og var þátttaka minnst í fyrsta skiptið en síðan fjölgaði í hópnum eftir því sem leið á skólaárið. Þetta form reyndist vel að mati skólastjóra og verður því haldið áfram á næsta skólaári. Samkvæmt skoðanakönnun SFS voru 87,5% starfsmanna sem nýttu sér starfsþróunarsamtal.

Á næsta skólaári koma tveir einstaklingar með að stunda nám í leikskólakennarafræðum. Annar á meistarastigi og hinn á grunnstigi. Þrír starfsmenn munu taka áfanga í Borgarholtsskóla á leikskólaliðabraut sem er undirbúningur til náms í leikskólakennarafræðum. Öll menntun sem nýtist í starfi er af hinu góða og gaman að sjá að áhugi fyrir að menntast hefur aukist meðal starfsmanna.



Eins og kemur fram í greinagerð skólustjóra fór fræðsla að mestu leyti fram á skipulagsdögum. Horft var til efnis á þessum dögum sem nýttist öllum starfsmannahópnum og kallaði á þær áherslur sem leggja átti á skólaárið. Skyndihjálparnámskeið var að hausti, námskeið í Lubbi finnur málbein og Hugarfrelsi um mitt skólaárið og að vori var fenginn fyrirlestur í sjálfstyrkingu starfsmanna. Á næsta skólaári verður haldið áfram að horfa til nýrrar menntastefnu en einnig til sjálfstyrkingar starfsmanna vegna þess að ef þeir eru öruggir í sínu starfi þá hefur það jákvæð áhrif á alla sem í kringum þá eru. Í samvinnu við Gullborg og Ægisborg verður fengin fræðsla um fjölmenningu í barnahópnum. Ástæðan er að fjölgun barna með annað móðurmál en íslensku hefur aukist í hverfinu og til að samræmis verði gætt þá er samvinna milli skóla sem eiga Grandaskóla sem heimaskóla mikilvæg.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áætlun um samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundar fyrir skólaárið 2020 - 2021 hélst ekki vegna ástands í þjóðfélaginu. Skipulag á gagnkvæmum heimsóknum stóðst ekki en með þessari áætlun vonumst við til að hægt sé að taka upp þráðinn og vera með svipaðar áherslur og lagt var upp með áður.

Megin þættir samstarfsins á sér stoðir í þróunarverkefnið Læsi í leiðinni þar sem áhersla var á sameiginlegt verkefni sem tengist vinnu með læsi beggja skólástiga. En verkefnið hafði einnig þann tilgang að auðvelda börnum að flytjast á milli skólástiga og gera þann flutning sem eðlilegastan. Markmiðið var meðal annars að börnin upplifi eðlilega framvindu í námi sínu við að flytjast um skólástig og að þar sé fleira líkt en ólíkt.

Frá því að þróunarverkefninu lauk hefur Ný menntastefna litið dagsins ljós. Út frá þeirri stefnu hafa leikskólarnir þrír, Grandaborg, Gullborg og Ægisborg, lagt ríka áherslu á eflingu sjálfsmyndar barna og félagsfærni og þá þætti telja forsvarsmenn Grandaskóla að séu mikilvægir til að takast á við þau verkefni sem biða barna í grunnskóla.

Ákveðinn farvegur hefur verið gagnvart gagnkvæmum heimsóknum en helst hefur skort á nákvæmu skipulagi dagsetninga áður en skólaárið hefst. Fulltrúar Grandaskóla, Grandaborgar, Gullborgar, Ægisborgar og Undralands hittust að þessu sinni í maí 2021 og ræddu um mikilvægi samstarfsins og að finna út nákvæmari dagsetningar fyrir gagnkvæmar heimsóknir næsta skólaár.

Fyrir næsta skólaár verður samstarfið eftirfarandi;

- Í viku 37 í september koma 1. bekklingarnir í heimsókn í „gamla“ leikskólann sinn og eru þá fagnaðarfundir, en einnig gefst leikskólabornunum færi á að spyrja um hvernig það sé að byrja í skóla.
- Grandaborgarbörnin fara í heimsókn á bókasafn Grandaskóla í viku 46 í nóvember.
- Grandaskóli býður á leiksýningu í viku 50 í desember.
- Í viku 6. í febrúar er haldið í skólastofur í Grandaskóla og „vísiterað“ á frístundaheimilinu Undralandi.
- Í viku 11. í mars er farið í tónmenntatíma og sungið og spilað.
- Í viku 20 í maí fara verðandi Grandaskólabörn í langa heimsókn í fylgd foreldra með nesti.

Eftir að þróunarverkefninu lauk kom reynsla á samvinnu milli leikskólanna með öðrum hætti en verið hefur undanfarin ár, meðal annars með því að elstu börn leikskólanna hittast í nánast umhverfi og eiga skemmtilegar samverstundir. Síðasta skólaár var sérstakt eins og áður hefur komið fram og verður reynt á næsta skólaári að efla samvinnuna. Hugmynd er einnig að elstu börnin hitti börn úr frístundinni og þá ekki síður yfir sumartímann.

6 Foreldrasamvinna

Eins og fyrri ár þá fer foreldrasamvinnan fyrst og fremst fram á hverri deild fyrir sig. Vegna ástands í samfélaginu þá fór samvinna fram með öðrum hætti en undanfarin ár. Fyrir vikið var mikilvægt að nýta síma og tölvur sem best þannig að upplýsingastreymi yrði farsælt.



Samtöl, bæði fyrir áramót og eftir fóru fram að mestu leiti í gegnum síma og fjarfundabúnað. Einstaka samtal að vori fór fram í skólanum, vegna þess að farið var að rýmka á samkomutakmörkunum. Reynsla af rafrænum samtölum er góða og hafa deildarstjórar ákveðið að bjóða upp á fjölbreytileika í samtölum í framtíðinni til að auka við valkost foreldra.

Þar sem enginn kynningarfundur fór fram að hausti þá fór ekki fram kosning eða val til fulltrúa í foreldraráði eða foreldrafélags Grandaborgar. Þeir fulltrúar sem höfðu verið árið áður héldu áfram og er skólastjóri ánægður með þann hóp og hversu vel hann vann saman þrátt fyrir samkomutakmarkanir. Haustfundur með foreldrafélagi Grandaborgar fór fram á netinu og mæting á þann fund nokkuð góð miðað við aðstæður.

Einn fundur var haldinn í foreldraráði síðasta skólaár og fór hann fram í gegnum fjarfundabúnað. Ánægja er með þetta form og er líklegt að því formi verði haldið áfram í framtíðinni. Mikill tímasparnaður hlýst auk þess sem fundarhald er skipulagðara og hnitmiðaðra.

Móttaka og samskipti við erlendra foreldra er ekki með öðrum hætti en annarra foreldra fyrir utan að upplýsingar til þeirra eru sendar með enskum texta. Þeim er boðið upp á túlkajónustu í samtölum og þegar aðlögun stendur yfir og barnið hefur enga íslensku þá eru túlkar fengnir til að vera með barinun í nokkra daga. Er það gert eftir að foreldrið hættir að vera með barninu. Við komum til með að halda þessu formi áfram og erum að vinna í því að útbúa upplýsingabæklinga og eyðublöð með enskum texta.

7 Skipulagsdagar, leikskóladagatal, viðburðir

Á næsta skólaári verða skipulagsdagar sex en hálfur dagur frá fyrra skólaári verður fyrir hádegi 5. ágúst 2021 þegar skólinn opnar aftur að loknu sumarleyfi.

Skipulagsdagar verða nýttir til að fara yfir starfið, skipuleggja og einnig til sí- og endurmenntunar. Mikilvægt er að fá fræðslu á þessum dögum sem nýtast öllum og sérstaklega út frá stefnu skólans og markmiðum sem sett eru fram.

23. ágúst 2021	Undirbúningur fyrir næsta skólaár
21. nóvember 2021	Sameiginlegur dagur með Gullborg og Ægisborg fyrir hádegi – fjölmening. Eftir hádegi undirbúningur fyrir foreldrasamtöl
3. janúar 2022	Fyrri endurmat og skipulag fyrir vorönn 2022
7. febrúar	Leikskólaráðstefna SFS og KÍ
22. apríl 2022	Námsferð Grandaborgar
12. maí 2022	Endurmat

Leikskóladagatal hefur verið í frekar föstu formi milli skólaára og þannig verður það áfram næsta skólaár. Leikskóladagatalið er ekki tæmandi og við áskilum okkur rétt til að gera breytingar á því ef þannig ber undir, til að mynda breytingar á afmælisföstudögum og viðburðum sem ekki er búið að bóka fyrir fram s.s. jólaleikrit í boði foreldrafélagsins.

Sjá fylgiskjal

Viðburðir á síðasta skólaári voru með allt öðru formi en verið hefur undanfarin ár. Aðkoma foreldra var engin til að mynda um jólnin eða á sumaráttíð en við héldum okkar striki. Þó féllu allar söngstundir í sal niður þar til í byrjun sumars. Jólball og öskudagsskemmtun var haldið á hverri deild fyrir. En við horfum björtum augum á komandi skólaár og þeir viðburðir sem hafa verið hjá okkur koma til með að verða með gamla góða forminu þ.e. allir saman.



8 Fylgigögn

- 8.1 Umsögn foreldraráðs
- 8.2 Starfsmannakönnun
- 8.3 Foreldrakönnun
- 8.4 Yfirlit endurmenntunar og fræðslu
- 8.5 Leikskóladagatal
- 8.6 Viðburðadagatal

F. h. leikskólans Grandaborgar

Helena Jónsdóttir

6. júlí 20218

Leikskólastjóri

Dagsetning



Starfsáætlun 2021 – 2022 Grandaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

**Ása Kristín Eiríksdóttir fyrir Fjöruvík
Dagný Björk Aðalsteinsdóttir fyrir Klettavík**





Umsögn foreldraráðs

4. nóvember 2021

Foreldraráð skipa:

**Ása Kristín Einarsdóttir
Dagný Björk Aðalsteinsdóttir**

Foreldraráð er sammála um það að framsetning og markmið kennsluáætlunar séu til fyrirmyndar og er góð yfirferð yfir liðið ár og gefur skýra sýn fram á veginn.

Foreldraráð fagnar því að aukning er á fagmenntuðu starfsfólki á leikskólanum og að aukning sé á starfsfólki sem bætir við sig leikskólakennarafræðum. Þó þessi úrbót sé í vinnslu teljum við þó mikilvægt að ítreka mikilvægi þess að hafa fagmenntað starfsfólk á leikskólunum og að borgin geri þeim hátt undir höfði með betri kjörum og séu metin að verðleikum sínum sem fyrsta menntastig barna og ein af lykilmenntastofnunum Reykjavíkurborgar.

Samstarf innan hverfis, milli leikskólanna, frístundaheimila og skólanna í hverfinu, eru til eftirbreytni í samanburði við önnur hverfi Reykjavíkur. Þá styður það við félagslega styrkingu barnanna og undirbýr þau einstaklega vel fyrir miklar breytingar þegar leikskóla er lokið og grunnskólaganga hefst. Ánægja er með að því sem mögulegt var að halda áfram í gegnum heimsfaraldur hafi verið haldið til streitu og það er þökk góðu samstarfi og skilning allra aðila á mikilvægi þess. Spennandi er að fá að fylgjast með komandi ári með vonandi slakari takmörkunum að endurvekja það sterka og mikla samstarf sem var áður.

Áætlun um móttöku og stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku lítur vel út og fagnar foreldraráð fjölbreytileika í nemendahópnum. Foreldraráð ítrekar að móttaka þessara barna sé einstaklingsmiðuð og að foreldrar jafnt sem og börnin fái þá aðstoð og utan um hald sem þau kunna þurfa bæði samfélagslega, félagslega og samskiptalega.

Mikilvægt er að gera börnin meðvituð um fjölbreytileika samfélagsins og fagnar foreldraráð umbótaþáttum deilda í þeim efnum.

Fyrirhugaðar hugmyndir um aukið lýðræði í barnahópnum eru virkilega spennandi og mikil ánægja með að gefa börnunum meira vægi í skipulagi og utan um haldi leikskólastarfsins, þar sem þau hljóta aukna ábyrgð og áhrif á sitt nærumhverfi.

Viðbragð leikskólans við sóttvarnarlögum telur foreldraráð gott og að öllu sé tekið með fyrirvara og ekki eru teknir neinir sénsar. Gott er að sjá hvernig reynt var með öllu móti að halda leikskólastarfinu óbreyttu fyrir börnin og að raska því sem minnst. Foreldrasamskipti í faraldrinum voru góð, úrræði sett fram í foreldraviðtölum, fundarhaldi og upplýsingamiðlun til foreldra. Markviss viðvera og upplýsingagjöf í gegnum miðla lokaða öðrum en foreldrum og forsjáraðilum hafa vakið mikla lukku og gerir foreldrum auðveldara með að fylgjast með og vera óbeinn áhorfandi á flott skólastarf barna sinna. Með von í hjarta vonar foreldraráð að næsta skólaár verði einfaldara, en höfum reynslu af því að leikskólinn er reiðubúinn að takast á við áskoranir á sanngjarnan og rökréttan hátt.

Foreldraráð lýsir áhyggjum sínum yfir því að virkni foreldra í foreldrafélaginu sé ekki meiri. Virkja þarf foreldra betur til áhuga og þátttöku í félagsstarfi leikskólans, þar sem virkni foreldra í félaginu er mjög mikilvæg. Með því að fá fleiri foreldra inn í félagið komast fleiri sjónarmið og hugmyndir varðandi skipulag og annað á framfæri.

Almennt er foreldraráð ánægt með störf leikskólans og þær leiðir sem teknar voru í áskorunum, augljósri hvatningu til að fagmennta fólkið sitt og þeirra símenntun sem á sér stað á starfsdögum leikskólans. Starfið á Grandaborg er metnaðarfullt og gott, þar sem stjórnendur og starfsfólk brennur fyrir ánægju og velferð barnanna í öruggu og góðu umhverfi.

Fylgiskjal 8.2.

Hæfir og áhugasamir starfsmenn

4,19^{4,35}
Könnun 2020

Árangursríkir stjórnunarhættir

4,31^{4,35}
Könnun 2020

Starfsánægja

4,40^{4,50}
Könnun 2020

Hvetjandi og jákvætt starfsumhv...

4,06^{4,18}
Könnun 2020

Meðalskor þátta og breyting á milli ára 2020 og 2021



Meðalskor allra þátta

4,16^{4,26}
Könnun 2020

Niðurstöður eiga við:

Ár: 2021
Svið: Skóla- og fristundasvið
Vinnustaður: Grandaborg
Þáttur: Allir almennir þættir
Spurning:
Valinn samanburður: Fyrri könnun

Einelti frá samstarfsfólki

0,0%^{0,0%}
Könnun 2020

Áreitni frá samstarfsfólki

0,0%^{11,1%}
Könnun 2020

Starfsþróunarsamtal

87,5%^{22,2%}
Könnun 2020

Fylgiskjal 8.3

Barninu líður vel í leikskólanum

4,64 4,62
heild

Tel barnið mitt vera öruggt

4,78 4,63
heild

Vingjarnlegt andrúmsloft

4,60 4,61
heild

Skólanum er vel stjórnað

4,60 4,44
heild

Fjöldi svara

50

Svarhlutfall


81,9%

Meðalheildarskor allra spurninga
Heildaránægja mæld með meðalskori allra spurninga

Heildaránægja með leikskóla

4,69 4,60
heild

Reykjavík í heild
(4,32)



Niðurstöður eiga við

Leikskóli: Grandaborg
Ár: 2021
Aldursflokkur: Allir aldersflokkar
Spurning: Allar spurningar
Kyn barns: Bæði kyn
Tungumál: Öll tungumál
Samanburður: Reykjavík heild

Meðalskor spurninga eftir aldersflokk

Allar spurningar



Fylgiskjal 8.4

Sí- og endurmenntun starfsmanna Grandaborgar 2020 - 2021

Júní						
Júlí						
Ágúst	24. ágúst.					
	Skipulagsdagur. Skyndihjálparnámskeið. Undirbúningur fyrir haustönn.					
September	24. september.	29. - 30. september.				
	Helena tekur þátt í menntaspjall á netinu „Kófið og leikskólinn“	Svanhvít námskeið „PECKS“				
Október	6. ok. - 26. nóv.	15. október.	21. október.			
	Rachanee á „Fagnámskeið I hjá Eflingu Námskeiðið fór allat fram á netinu.	Helena á „OneNote“ námskeið á netinu	Skipulagsdagur Námskeið í „Lubbi finnur málbein“ fyrir hádegi. Eftir hádegi var undirbúningur fyrir foreldrasamtöl.			
Nóvember	2. nóvember.	4. nóvember.	5. nóvember.	11. nóvember.	18. nóvember.	25. nóvember.
	Auka skipulagsdagur vegna COVID-19 og breyttra reglna.	Ragga á stutt netnámskeið „Lærdómssamfélagið“	Ragga á námskeið á netinu um „stráka og skólakerfið“	Ragga á stutt netnámskeið „Lærdóms- samfélagið“	Ragga á stutt netnámskeið „Lærdóms- samfélagið“	Ragga á stutt netnámskeið „Lærdóms- samfélagið“

	27.nóv					
	Skipulagsdagur Fyrirlestur um sköpun í leikskólastarfi f.h. Eftir hádegi var skipulag á styttingu vinnuviku.					
Desember	1.-3. desember.	11. desember.				
	Rachanee á námskeiði fyrir trúnaðarmenn Eflingar.	Helena á námskeiðsdegi fyrir leikskólastjóra á netinu.				
Janúar	4. janúar.	1. janúar - 31. maí				
	Skipulagsdagur Fyrir hádegi var endurmat á skólasterfi. Eftir hádegi var Hugarfrelsi með námskeið.	Eva hefur nám í Borgarholtsskóla í leikskólaliðanámi.				
Febrúar						
Mars	1.-.5. mars	2.-8. mars				
	Sigurbjörg vettvangsnám	Karen vettvangssnám				
Apríl	23. apríl.					
	Skipulagsdagur Endurmat á skólaári og undirbúningur fyrir starfsáætlun					

Skóladagatal fyrir foreldra

Leikskóladagatal 2021 - 2022

Nafn leikskóla: **Grandaborg**

Fylgiskjal 8.5

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 S		1 M	1 F	1 M	1 M	1 L	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F
2 M	Friðdagur vestunarmanna	2 F	2 L	2 Þ	2 F	Jólsýning í boði foreldrafélagsins	2 S	2 M	2 L	2 M	2 F	2 L
3 Þ	Sumarlökun	3 F	3 S	3 M	3 F		3 M	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S
4 M	Sumarlökun	4 L	4 M	4 F	4 L		4 Þ	4 F	4 M	4 M	4 L	4 M
5 F	Leikskólinn opnar kl. 12:30	5 S	5 Þ	Kynn.fundur Klettavík	5 F		5 M	5 L	5 Þ	5 F	5 S	Hvítasunnudagur
6 F		6 M	6 M	Kynn.fundur Bergvík	6 L		6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 M
7 L		7 Þ	7 F	Kynn.fundur Fjöruvík	7 S		7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F
8 S		8 M	8 F	Almælisföstudagur	8 M	Baráttudagur gegn einelti	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F
9 M		9 F	9 L		9 Þ		9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 L
10 Þ		10 F	10 S		10 M	Skipulagsdagur með Gullborg og Ægisborg	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 S
11 M		11 L	11 M	11 F	11 L		11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 L	11 M
12 F		12 S	12 Þ	12 F	12 S	Almælisföstudagur	12 M	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ
13 F	Almælisföstudagur	13 M	13 M	13 L	13 M		13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 M
14 L		14 Þ	14 F	14 S	14 Þ		14 M	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F
15 S		15 M	15 F	15 M	15 L	Jólaball í boði foreldrafélagsins	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F
16 M		16 F	16 L	16 Þ	16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 L
17 Þ		17 F	17 S	17 M	17 F		17 M	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S
18 M		18 L	18 M	18 F	18 L		18 Þ	18 F	18 M	18 M	18 L	18 M
19 F		19 S	19 Þ	19 F	19 S		19 M	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ
20 F		20 M	20 M	20 L	20 M	Dagur mannréttinda barna	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 M
21 L		21 Þ	21 F	21 S	21 Þ		21 M	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F
22 S		22 M	22 F	22 M	22 L	Böndadagur - Karlamorgunverður	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F
23 M	Skipulagsdagur	23 F	23 L	23 Þ	23 F	Piparkökubakstur	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 L
24 Þ		24 F	24 S	24 M	24 F	Fyrsti vetrardagur	24 M	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S
25 M		25 L	25 M	25 F	25 L	Piparkökubakstur	25 Þ	25 F	25 M	25 M	25 L	25 M
26 F		26 S	26 Þ	26 M	26 F	Þorláksmessa	26 L	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ
27 F		27 M	27 M	27 L	27 M	Aðfangadagur jóla	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M	27 M
28 L		28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	Jóladagur	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F
29 S		29 M	29 F	29 M	29 L	Jólabólinn	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F
30 M		30 F	30 L	30 Þ	30 F		30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 L
31 Þ			31 S		31 F	Gamlársdagur		31 F		31 Þ		31 S

Fylgiskjal 8.6

Viðburðadagatal Grandaborgar 2020 - 2021

Júní

3. júní.	9. júní.	10. júní.	12. júní.	22. júní.
Klettavík í Grasagarðinn.	Flæði í útiveru byrjar. Verður tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum.	Sumarhátíð Grandaborgar í samvinnu við foreldrafélagið en án þeirra.	Afmælisdagur mánaðarins; hjóladaur og fánalitir.	Allar deildir fara á sýningu hjá Brúðubílnum hjá Vesturbæjarsundlaug.
23. júní.	25. júní.			
Kynningarfundur fyrir nýja foreldra.	Börn úr Tónlistarskólanum komu og spiluðu fyrir alla.			

Júlí

2. júlí.	3. júlí.	7. júlí.
Árgangur 2014 í útskriftarferð Fóru í Hellisgerði og á Víðistaðartún	Afmælisöstudagur grænn	Gleðidagur í Grandaborg - síðasti dagur fyrir sumarfrí. Pöntuð pizza í hádegismat.

Ágúst

14. ágúst.	19. ágúst.
Afmælisföstudagur regnbogapema	Útskrift árgangs 2014 - fór fram utan dyra vegna heimsfaraldurs.

September

11. september.	16. september.
Afmælisföstudagur; brúnn - haustlitir	Umhverfisdagurinn - deildir týndu gróður til að þurrka.

Október

9. október.	23. október.	30. október.
Afmælisföstudagur -bleikur	Brunaæfing	Búningadagur í tilefni Hrekkjavöku

Nóvember

13. nóvember.	23. nóvember.	24. nóvember.	25. nóvember.
Afmælisföstudagur blár	Piparkökubakstur á Fjöruvík.	Piparkökubakstur á Bergvík.	Piparkökubakstur á Klettavík .

Desember

2. desember.	8. desember.	11. desember.	16. desember.
„Jól í tösku“ sýning í boði foreldrafélagsins.	Jólaverkstæði í leikskólanum á hverri deild fyrir sig. Aðstandendur barna gátu ekki verið með.	Afmælisföstudagur rauður	Jólaball í boði foreldrafélagsins. Jólamatúr í hádegi. Deildir skiptust á að dansa í sal og heimsótti jólasveinn börnin á sína deild.

Janúar

6. janúar.	15. janúar.
Hver deild kveður jólin með því að dansa í kringum jólatré í sal.	Afmælisföstudagur Vasaljósadagur

Febrúar

12. febrúar.	16. febrúar.	24. febrúar.
Afmælisföstudagur - náttfatadagur.	Hluti barna af Fjöruvík á Þjóðminjasafnið	Seinni hópur barna á Fjöruvík á Þjóðminjasafnið

Mars

11. mars.	12. mars.	16. mars.	24. mars.
Árgangur 2015 í Þjóðleikhúsið	Afmælisföstudagur gulur	Innritun barna fyrir skólaárið 2021-2022. Hver skóli fyrir sig vegna COVID-19	Árgangur 2015 í heimsókn í Grandaskóla.

Apríl

9. apríl.	15. apríl.	16. apríl.	19. apríl.	26. apríl.
Afmælisföstudagur mottumars/yfirvaraskegg	Bergvík/Ölduvík á Hvalasafnið	Sameiginleg söngstund í sal. Sú fyrsta frá því í júlí 2020	Hópur barna af Fjöruvíkur á Ljósmyndasafnið	Hópur barna af Fjöruvíkur á Ljósmyndasafnið
27. apríl.	28. apríl.			
Krakkahestar í heimsókn. Viðburður í boði foreldrafélagsins.	Hópur barna af Fjöruvíkur á Ljósmyndasafnið			

Maí

4. maí.	5. maí.	11. maí.	17. maí.	25. maí.
Bergvík/Skeljavíkí Fjöruferð	Hópur barna af Fjöruvíkur á Ljósmyndasafnið	Afmælisföstudagur - derhúfudagur.	Árgangur 2015 í heimsókn í Grandaskóla.	Bergvík/Ölduvík á Borgarbókasafnið
27. maí	28. maí.	31. maí.		
Útival byrjar á öllum deildum. Bergvík/Ölduvík á Ásmundasafn.	Ljósmyndari tekur myndir af börnum, deildarmyndir og einstaklingsmyndir.	Hluti barna af Fjöruvík í Húsdýragarðinn.		